

Umsögn um
frumvarp um Hálandisþjóðgarð
369. mál á 151. löggjafarþingi

Á undanförunum árum hafa verið stofnaðir víðáttumiklir þjóðgarðar á Íslandi, Snæfellsjökulþjóðgarður (2001) Vatnajökulþjóðgarður (2008). Bætast þeir við Þingvallabjóðgarð sem var stofnaður 1930.

Þjóðgarðar þessir eru víðfeðmir og hefur hver þeirra verið stærri en hinir fyrri. Þeir fela í sér verulega takmörkun á athöfnum landsmanna á þjóðgarðssvæðinu og veita ríkinu vald til að stýra þeim. Þeir kosta og stórfé í rekstri og er það fé að mestu tekið af aflafé landsmanna sjálfra, þótt erlendir gestir greiði einhvern hluta rekstrarfjár í aðgangseyri.

Nú er lagt til að stofna svokallaðan hálandisþjóðgarð sem umlykur núverandi Vatnajökulþjóðgarð og í öllum aðalatriðum afganginn af miðhálandinu. Þjóðgarður þessi er miklu stærri en hinir fyrri og tekur til stórs hluta af öllu yfirborði Íslands .

Við þetta frumvarp er rík ástæða til að gera fjölmargar alvarlegar athugasemdir og hafa um það langt mál. Hér verður þó látið nægja að vekja athygli á grundvallaratriðum sem lúta að vandaðri opinberri stefnumörkun sem ekki virðist hafa verið skeytt um við undirbúning frumvarpsins.

- Ætla má að stofnun þessa þjóðgarðs sé eins og öðrum athöfnum hins opinbera ætlað að auka velsæld Íslendinga.
- Frumvarp þetta felur í sér (i) verulega skipulagsbreytingu og valdatilfærslu í landinu og (ii) verulega fjárskuldbindingu (að núvirði a.m.k. 10-20 mia. kr.)¹.
- Það er óvönduð stjórnsýsla að leggja í slíka framkvæmd nema að undangenginni ítarlegri athugun á þjóðhagslegu gildi framkvæmdarinnar sem sýnir að góðar líkur séu á að framkvæmdin auki almenna velsæld í landinu.
- Því miður er það svo að í þessu frumvarpi og fylgiskjölum þess er engi slíka athugun að finna.
 - Enn alvarlegra er að það er jafnvel ekki gerð nein tilraun til að útskýra í hverju þessi aukna velsæld almennings eigi að felast og ekki sjáanleg nein gögn þess efnis sem á kynni að hafa verið byggt við frumvarpsgerðina. Er eins og frumvarpsflytjandi telji almenna velsæld aukaatriði í þessu máli en viss afbrigði af náttúruvernd (sem lýst er í mörgum orðum í nefndarskýrslu þeirri sem lagt er fram frumvarpinu til stuðnings) aðalatriðið.
- Það er enn á mælisverðara að þótt mjög stór skref hafi verið stigin í að leggja land á Íslandi undir þjóðgarða á þessari öld og komin á þá talsverð reynsla, hefur engin

¹ Frumvarpið telur sjálft að árlegur rekstrarkostnaður sé 600 til 700 m. kr. Núvirði þeirrar upphæðar er 17-20 mia. kr. miðað við 3,5% raunvexti. Þetta er örugglega þjóðhagslegur kostnaður. Mögulegar auknar sértekjur sem nefndar eru, nema aðeins litlum hluta þessarar upphæðar og eru að auki ekki þjóðhagslegur ábati nema e.t.v. að litlu leyti.

kerfisbundin úttekt verið framkvæmd á því hversu mikið þeir hafa lagt til almennrar velsældar í landinu eða jafnvel að hvað miklu leyti þeir hafa náð þeim tilgangi sem lýst hefur verið við stofnun þeirra.

- Hefur frumvarpsflytjandi þó haft næg tækifæri á valdatíma sínum til láta framkvæma slíkar úttektir og kostnaður við slíkt smáræði miðað við önnur útgjöld ráðuneytis hans til þjóðgarða og náttúruverndar

Niðurstaða mín er því eftirfarandi:

Frekari umfjöllun um þetta frumvarp verði frestað þar til fyrir liggja sæmilega áreiðanleg athugun á því að sú framkvæmd sem frumvarpinu felst sé þjóðhagslega hagkvæm í þeim skilningi að hún auki almenna velsæld í landinu.